

Laust starf í Bláskógaskóla á Laugarvatni

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóladeild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsueflingu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

Eftirfarandi starf er laust til umsóknar:

- **Aðstoðarmatráður** í 100 % stöðu
 - Eldhústörf í leik- og grunnskóladeild

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Frumkvæði í starfi og metnaður.
- Góð íslenskukunnátta.
- Mjög góð færni í samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymisvinnu.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.
- Ekki er gerð krafa um sérþeka menntun.

Í Bláskógaskóla er 36 stunda vinnuvika, frítt kort í ræktina og frábær starfsmannahópur. Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfin henta einstaklingum óháð kyni. Ráðið er til starfa frá og með 1. mars 2025. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf.

Nánari upplýsingar gefa Íris Anna Steinarrsdóttir skólastjóri og Guðný Ósk Vilmundardóttir aðstoðarskólastjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist á netfangið laugarvatn@blaskogaskoli.is.
Umsóknarfrestur er til 21. febrúar 2025.